

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (reglugerð EB Nr. 2015/830 - REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:	Decomax Aceton		
Vörunúmer:	-		
1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:			
Viðeigandi notkun	Leysiefni.		
Notkun sem ráðið er frá	Engar upplýsingar fyrirleggjandi.		
1.3 Söluaðili:	Sérefni ehf.	Framleiðandi:	Akzo Nobel Decorative Coatings
	Síðumúla 22		Staffanstorpsvägen 50
	108 Reykjavík		205 17 Malmö, Svíþjóð
Sími:	517 0404		00-46-40-355000
Netfang:	serefni@serefni.is		HSE.SE@akzonobel.com
Veffang:	www.serefni.is		www.akzonobel.com
1.4 Neyðarsímanúmer:	Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.		

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Innihaldsefni með óþekkt eiturrhif:	0%
Innihaldsefni með óþekkt virsteiturhif:	0%

H225	Mjög eldfimur vökvi og gufa	Eldf.vökvi 2
H319	Veldur alvarlegri augnertingu	Augnert. 2
H336	Getur valdið sljóleika eða svima	SEM-VES 3

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki

Viðvörðunarorð **HÆTTA**

Hættusetningar	H225	Mjög eldfimur vökvi og gufa
	H319	Veldur alvarlegri augnertingu
	H336	Getur valdið sljóleika eða svima
	EUH066	Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð
Varnaðarsetningar	P101	Ef leita þarf læknis skal hafa ílát eða merkimiða tiltæk.
	P102	Geymist þar sem börn ná ekki til.
	P210	Haldið frá hitagjöfum, neistagjöfum, opnum eldi og heitum flötum. — Reykingar bannaðar.
	P262	Má ekki koma í augu eða á húð eða fót.
	P304+P340	EFTIR INNÖNDUN: Flytjið viðkomandi í ferskt loft og hafið hann í stellingu sem léttir öndun.
	P312	Hringið í EITRUNARMIÐSTÖÐ/lækni ef lasleika verður vart.
	P403+P233	Geymist á vel loftræstum stað. Umbúðir skulu vera vel luktar.

Inniheldur: Aseton

2.3 Aðrar hættur: Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.
Sjá einnig 11. og 15. lið. (PBT: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. vPvB: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni:

Aseton			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119471330-49	Innihald %	75 - 100
Raðnúmer	606-001-00-8	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	200-662-2	H-setningar	-
CAS	67-64-1	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.vökví 2 - H225, Augnert. 2 - H319, SEM-VES 3 - H336, EUH066			

3.2 Blöndur: Á ekki við

Annað: Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfærubreytur í 8. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Almenn viðbrögð:	Við slys: Hafið samband við lækni eða bráðamóttöku, sýnið umbúðir eða þetta öryggisblað. Leitið lækni, hverfi einkenni ekki fljótt, eða sé óvissa um ástand hins slasaða. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.
Innöndun	Haldið hinum slasaða rólegum og heitum í háfliggjandi stöðu.. Tryggið ferskt loft. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótt. Meðhöndlun eftir einkennum. Veitið öndunaraðstoð ef nauðsynlegt er og leitið lækni.
Snerting við húð	Hreinsið húð vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið lækni verði vart við ertingu.
Snerting við augu	Skolið varlega með miklu vatni í amk 15 mín. og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Leitið lækni. Haldið áfram skolun á leið.
Inntaka	Skolið munn. Leitið strax lækni og sýnið öryggisblaðið. Framkallið ekki uppköst.
Til hjálparliða	Gætið ávallt að eigin öryggi þegar um er að ræða váhrif af völdum efnavara. Notið persónu-hlífar. Hreinsið húð þegar hjálparstarfi er lokið. Beitið ekki blástursaðferð.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafir:

Innöndun	Getur valdið höfuðverk, svima, ógleði, meðvitundarleysi, skaða á miðtaugakerfi..
Snerting við húð	Getur valdið exemi, þurrki og sprungumyndun í húð.
Snerting við augu	Veldur ertingu, roða og sviða.
Inntaka	Getur valdið ógleði, uppköstum og niðurgangi.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa lækniúmmönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum. Hafið samband við eitrunarmiðstöð við inntöku eða innöndun mikils magns.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður:	Koldíoxíð, slökkvilduft, alkóhólpólin froða, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða.
Óhentugur slökkvibúnaður:	Beinn vatnsgeisli.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við bruna geta myndast: kolefnisoxíð, nituroxíð, vetniskolefni, eitraðar gufur og niðurbrotsefni. Myndar eld- og sprengifimar blöndur með lofti. Sprengihætta við upphitun.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Forðist innöndun gufu og reyks við bruna. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6.lið og fargið skv.13.lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði. Fjarlægið alla hita, - eld- og neistagjafa. Gufa er þyngri en loft, forðist lágt liggjandi rými, svo sem kjallara. Reykið ekki.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Við losun gufu skal tryggja góða loftræstingu. Gerið varnargarða og notið óbrennanleg ísogsefni svo sem sand, kísilgúr eða jarðveg. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið. Eld- og sprengifimar blöndur með lofti geta myndast. Notið ekki leysiefni við hreinsun mengaðs svæðis.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun, inntöku og snertingu við húð og augu. Reykið ekki. Fjarlægið eld- og neistagjafa. Forðist hátt hitastig og heita fleti. Sprengifimar blöndur með lofti geta myndast. Notið ekki í lokuðum rýmum. Losið ekki í niðurföll. Fylgið notkunarleiðbeiningum. Gerið ráðstafanir gegn stöðurafragnni. Notið neistavarin áhöld. Jarðtengið ílát.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið viðeigandi persónuhlífar, öndunarbúnað, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað (<35°C). Gufa er þyngri en loft og getur legið með gólfi. Forðist oxara, sterkar sýrur og basa, hátt hitastig, beint sólarljós, opinn eld og aðra íkveikjuvalda.

7.3 Sértek, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m3	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m3	Annað
Aseton	250	600	500	1200	WEL

WEL = Work Exposure Limit - Langtíamörk váhrifa (8 klst/dag).

Aseton					
Notkunarvið vöru	Snertileið	Lýsing áhrifa	Mæliaðferð	Gildi	Eining
Atvinnutengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	186	mg/kg/líkamsþ/d
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Skammtíma	DNEL	2420	mg/m3
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	1210	mg/m3
Neytendatengt	Fólk, inntaka	Langtíma	DNEL	62	mg/kg/líkamsþ/d
Neytendatengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	62	mg/kg/líkamsþ/d
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	200	mg/m3
Neytendatengt	Fólk, inntaka	Skammtíma	DNEL	13,4	mg/kg
Umhverfi	Sjór		PNEC	1,06	mg/l
Umhverfi	Ferskvatn		PNEC	10,6	mg/l
Umhverfi	Ferskvatn set		PNEC	30,4	mg/l
Umhverfi	Sjór set		PNEC	3,04	mg/l
Umhverfi	Jarðvegur		PNEC	19,5	mg/l

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum (EN 689, EN14042, EN 682).

Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Persónuhlífar

Augnhlífar

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn. (EN166)

Húð - hendur

Notið efnaþolna hlífðarhanska úr nitrílgúmmí. (EN374, $\geq 0,12$ mm, gegnstreymistími >30 mín).

Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur.

Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Húð - annað

Mælt er með notkun leysiefnahelds langerma vinnufatnaðar (EN 13034).

Öndunarfæri

Sé loftræsting ófullnægjandi, notið viðurkennda öndunargrímu með síu fyrir lífrænar gufur.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi
Lykt:	Leysiefnalykt, sætkenndur ilmur
Litur:	Litlaus
Bræðslumark:	-94,2°C
Suðumark:	55,8°C
Blossamark:	-17°C
Sjálftendrunarmark:	465°C
Lægri sprengimörk í lofti:	2,6%
Hærri sprengimörk í lofti:	12,8%
Gufuþrýstingur (20°C):	3,3 kPa
Eðlismassi gufu við 20°C:	2 (loft=1)
Eðlismassi við 20°C:	0,79 g/cm ³
Leysanleiki í vatni:	Óleysanlegt í köldu vatni
Uppgufunarhraði:	6,060 (n-bútýl asetat =1)
Sprengifimi:	Varan er ekki sprengifim
Oxandi eiginleikar:	Nei
Seigja (20°C):	0,01 cm ² /s

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engin þekkt við ætlaða notkun..

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hátt hitastig, opinn eldur og aðrir íkveikjuvaldar, stöðurafrágn. Sjá annars lið 7.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Oxarar, sterkar sýrur og basar.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna geta myndast: kolefnisoxíð, nituroxíð, vetniskolefni, eitraðar gufur og niðurbrotsefni.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Váhrif vegna snertingar við leysiefnagufur í styrk yfir viðmiðunarmörkum á vinnustöðum, geta verið erting í slímhúðum og öndunarfærum, og skaði á nýrum, lifur, og miðtaugakerfi. Einkenni geta verið höfuðverkur, þreyta, svimi, þróttleysi í vöðvum, sljóleiki, og meðvitundarleysi í verstu tilvikum.

Langvinn eða endurtekin áverkun leysiefna í styrk verulega yfir viðmiðunarmörkum, getur valdið langvinnnum sjúkdómum í miðtaugakerfi. Eiturhrif geta m.a. lýst sér í breytingum á persónuleika og minni.

Leysiefni geta valdið ofangreindum eiturhrifum með ísogi um húð. Langvinn eða endurtekin áverkun getur affitað húðina, og valdið þurrki og sprungum, og ísogi, sbr. hér að ofan.

Aseton					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturhrif, inntaka	LD ₅₀	5800	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD ₅₀	20000	mg/kg	kanína	
Bráð eiturhrif, innöndun	LC ₅₀	50	mg/l/4 klst	rotta	
Húðæting/erting	Lítillega ertandi, endurtekin snerting getur valdið þurri og sprunginni húð.				
Alvarlegur augnskaði		Ertandi		kanína	OECD 405
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt		hamstur	OECD 406
Krabbamein	NOAEL	>3000	mg/kg	rotta	OECD 451
Stökkbreytingar gerla		Neikvætt			OECD 473
Einkenni	Meðvitundarleysi., höfuðverkur, meltingartruflanir, þreyta, erting í slímhúðum, ógleði, uppköst, vímuáhrif.				

12. Vistfræðilegar upplýsingar

- 12.1 Eiturhrif:** Forðist losun í niðurföll, grunnvatn og jarðveg.
- 12.2 Þrávirkni og niðurbrot:** Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.
- 12.3 Uppsöfnun í lífverum:** Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.
- 12.4 Dreifanleiki í jarðvegi:** Upplýsingar eru ekki fyrirbyggjandi.
- 12.5 PBT/VPvB:** Á ekki við.

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir sem best.

Óhreinar umbúðir Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Gatið ekki eða skerið í tæmdar umbúðir.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:

UN Númer 1263
Efnisheiti v. flutninga: ACETONE
Hættuflokkur: 3
Hættuundirflokkur: 33
Pökkunarflokkur: II
Jarðgangnaflokkur: D/E
Mengunarhætta: Nei

Varúðarmerking



IMDG:

UN Númer 1263
Efnisheiti v. flutninga: ACETONE
Hættuflokkur: 3
Pökkunarflokkur: II
EMS: F-E, S-E
Sjávarmengandi: Nei



IATA:

UN Númer 1263
Efnisheiti v. flutninga: ACETONE
Hættuflokkur: 3
Pökkunarflokkur: II
Mengunarhætta: Nei



15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 2015/830 (REACH), 1272/2008 (CLP).
Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.

15.2 Efnaöryggismat: Á ekki við.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H225	Mjög eldfimur vökvi og gufa
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H336	Getur valdið sljóleika eða svima
EUH066	Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð

Útgáfa/Dags: 1/09.04.2019

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: **AKZO NOBEL DECORATIVE COATINGS**
SAKERHETSDATABLAD
DECOMAX ACETON

Útgáfa: 22.10.2017 Útgáfa 1